

SAGAN AF HLINI KÓNGSSYNI

Hirðmaður 1: Það var einu sinni kóngur og drottning í ríki sínu. Hann hét Hringur, en ekki er þess getið, hvað drottning hans hét; þau áttu einn son, sem Hlini er nefndur. Snemma var hann efnilegur og þótti hinn mesti kappi.

Hirðmaður 2 : Sagan segir, að karl og kerling voru í garðshorni; þau áttu dóttur, er Signý hét og eina sem Helga hét.

Hirðmaður 3: Eitt sinn fór kóngsson á dýraveiðar með hirðmönnum föður síns. Þegar þeir höfðu veitt nokkur dýr og fugla og ætluðu heim aftur, sló yfir svo dimmri þoku, að þeir misstu sjónar á kóngssyni. Leituðu þeir hans þá lengi, en fundu ekki og sneru við það heimleiðis. Þegar þeir komu til kóngshallar, sögðu þeir,

Hirðmenn: Við höfum misst Hlini frá okkur og við finnum hann hvergi.

Kóngur: Mikið er ég hryggur það er best að ég sendi fullt af mönnum til að leita að syni mínum

Drottning: Nú eru þeir búnir að leita í allan dag og í allt kvöld en hafa ekki fundi hann. Hvar er litli strákurinn minn?

Kóngur: Sá sem finnur son minn og kemur með hann heim aftur, fær að eignast hálf t ríki mitt.

Hirðmaður 1: Signý karlsdóttir fréttir af hvarfi kóngssonar og hverju faðir hans hafi heitið að launum



Signý: Foreldrar mínir, nú ætla ég út í skóg að leita að Hlini kóngssyni. Ég þekki skóginn svo vel að ég veit að ég finn hann.

Helga: Af hverju má ég ekki fara?

Mamma: Svona, svona Helga mín þú ert svo ung. Hér hefur þú nesti og nýja skó Signý mín.

Pabbi: Farðu bara varlega Signý mín.

Hirðmaður 2: En það er af ferðum Signýjar að segja, að þegar hún hefur gengið meiri hluta dagsins, kemur hún að helli einum; hún gengur inn í hann og sér þar tvær rekkjur; var silfurofin ábreiða yfir annarri, en gullofin yfir hinni.

Hirðmaður 3: Litast hún þar betur um og sér, að kóngssonur liggur í þeirri rekkjunni, sem gullofna ábreiðan var yfir; vill hún vekja hann, en getur ekki. Hún tekur þá eftir því, að einhverjar rúnir voru ritaðar á rekkjuna, sem hún skilur ekki.

Hirðmaður 1: Eftir það gengur hún fram að hellisdyrum og felur sig þar á hurðarbaki. En þegar hún er komin í þetta fylgsni, heyrir hún litlu síðar úti dunur miklar og sér, að þrjár skessur stórskornar mjög koma inn í hellinn.

Skessa 1: "Fussum fei; mannapefur í helli okkar."

Skessa 2: Þetta er af honum Hlini kóngssyni.

Skessa 3: Vekjum hann.

Allar skessur: "Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini vakni."
Svanir syngja svanirnir, og Hlini vaknar



Skessa 1: Villt þú eitthvað að borða?

Hlini: Nei

Skessa 2: Villt þú ganga að eiga mig?

Hlini: Nei.

Skessa 3: "Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini sofni."
Svanirnir syngja, og hann sofnar þær fara að sofa í rekkju þeirri,
sem silfurofna ábreiðan var yfir.
Vakna um morguninn..

Allar skessar: "Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini vakni."
Svanir syngja svanirnir, og Hlini vaknar

Skessa 1: Villt þú eitthvað að borða?

Hlini: Nei

Skessa 2: Villt þú ganga að eiga mig?

Hlini: Nei.

Skessa 3: "Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini sofni."
Hann sofnar og þær fara. Signý kemur.

Signý: Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini vakni."

Hlini: Hver ert þú?

Signý. Ég heit Signý og ætla að hjálpa þér. Þegar skessan spyr þig í kvöld, hvort þú viljir ekki eiga sig, játast henni með því móti, að hún segi þér, hvað ritað sé á rekkjurnar og hvað þær séu að gera á daginn.

Hlini: Ég geri það.

Skessurnar koma og ösla inn í hellinn með fuglakippu. Kveikja þær upp eld, og fara tvær að matreiða, en ein fer yfir að rekkjunni og vekur Hlini.

Hlini vaknar

Skessa 2: Viltu borða?

Hlini: Já takk .

Skessa 3: Viltu eiga mig?

Hlini: Nei en ég skal eiga þig. En þú verður að segja mér stendur á rekkjunni?

Skessa 1: Þar stendur renni, renni rekkja mín, hvert sem maður vill.

Hlini: Hvað eru þið að gera á daginn?

Skessa 2: Við erum að henda á milli okkar fjöregginu okkar.

Hlini: Hvað gerist ef það brotnar?

Skessa 3: Þá drepumst við allar . En viltu ekki koma með okkur út í skóg?

Hlini: Nei takk ég er hvíli mig bara hérna á meðan.
"Syngi, syngi svanir mínir, svo hann Hlini sofni." Þær fara

Signý vekur kóngson



Signý: komdu við skulum fara út í skóg, þangað sem skessurnar eru. Þú skalt hafa spjót þitt með þér, og þegar þær fara að kasta fjöregginu á milli sín, skaltu skjóta spjótinu í eggid; en líf þitt liggur við, ef þú hittir ekki.

Hlini: Frábært förum núna.

Signý: Renni, renni rekkja mín út í skóg.

Fer þá rekkjan á stað með þau bæði og nemur ekki staðar fyrr en úti á skógi við eik eina. Þar heyrta þau hlátur mikinn.

Signý: Farðu upp í tré, og skjóttu gulleggið.

Í sama vetfangi skaut kóngsson spjótinu, og kom það í eggid á fluginu, svo það brotnaði. Við það brá skessunum svo, að þær ultu út af með froðufalli.

Signý: Förum aftur í hellinn og tökum allt sem við getum.

Hlini: Allt í lagi

Signý: Renni, renni rekkja mín aftur í hellinn.

Fer þá kóngsson ofan úr eikinni og þau Signý heim í hellinn í rekkjunni á sama hátt og áður. Tóku þau nú allt, sem fémmætt var í hellinum, og fylltu með því rekkjurnar báðar.

Síðan stigu þau sitt í hvora og þuldu rekkjurúnirnar.

Signý: Renni, renni rekkja mín heim í garðshorn.

Mamma: Signý mín gott að sjá þig.

Helga: Hvar er strákurinn? Ekki er hann nú merkilegur

Pabbi: Sæll kóngsonur, gott að sjá þig. Nú skulum við hvílast á morgun ferðu og hittir kónginn.



Helga: Ég ætla að giftast honum en ekki þú.

Pabbi: Svona, svona Helga mín

Signý gengur fyrir kóng..

Varðmaður 1: Hver ert þú?

Signý: Ég heiti Signý og er kominn til að hitta kónginn.

Varðmaður 2: Þú hefur ekkert erindi hérna, snautaðu heim.

Signý: Ég veit hvar kóngsonurinn er.

Signý fær að hitta kóng

Kóngur: Hver ert þú.

Signý: Ég er karlsdóttir úr garðshorni. Hvað viltu launa mér ef ég get fært þér son þinn?

Kóngur: Það hefur enginn fundið hann af hverju ættir þú að vita hvar hann er.

Signý: Fæ ég ekki leyfi til að taka sömu laun fyrir það og þú hefur heitið öðrum?

Kóngur: Jú, jú svo skal vera.

Signý fer þá aftur heim í garðshorn

Signý: Komdu nú með mér í kóngshöllina . Mamma og pabbi komið þið líka já og þú Helga mín.



Þau gera það

Kóngur: Sonur minn.

Drottning: Elsku sonur minn mikið er ég glöð að sjá þig.

Kóngsson sest þá í hásæti hjá föður sínum og býður Signýju að sitja á aðra hlið sér

Hlini: Mamma og pabbi, þessi stúlka er lífgjafi minn, og hún leyst mig úr trölla höndum. Pabbi og mamma má ég taka þessa stúlku mér fyrir konu?

Kóngur: já gullið mitt, nú höldum við hátíð.

Varðmaður 3: Stóð brúðkaupið í viku, og þegar það endaði fór hver heim til sín, og lofuðu allir örlæti kóngs, er hafði leyst þá út með góðum gjöfum.

Allir: En kóngsson og Signý unnust vel og lengi. Þar með endast þessi saga.

Helga: Nei bíðið við, ég fékk líka að giftast. Ég giftist honum. Komdu hérna krúttið mitt.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008